

**608. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 28. febrúar 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 608 lögmætan.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar viðbragðsaðilum góða vinnu vegna brunans hjá Arctic Smolt í Norður-Botni 23. febrúar 2023 og óskar eigendum og starfsfólki góðs gengis við uppbyggingu að nýju.

Dagskrá:

1. Samstarf um velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487

Tillaga starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum um að sveitarfélög á Vestfjörðum vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun, og að gerður verði samningur við Ísafjarðarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Mál frá 607.fundi sveitarstjórnar sem fór fram 14.02.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja til að í samningnum verði ákvæði um árlega endurskoðun hans. Sveitarstjórn leggur áherslu á að verklag, verkferlar og umsýsla í tengslum við málaflökkana sé eins skýr og auðið er við upphaf þjónustunnar, sem og aðkoma aðildar sveitarfélaganna. Enn fremur telur sveitarstjórn mikilvægt að samningurinn milli sveitarfélaganna verði endurskoðaður innan árs frá gildistöku hans og árlega í framhaldi af því.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum þar sem Ísafjarðarbær mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag. Með sérhæfðri velferðarþjónustu er átt við framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og þjónustu við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að samningi um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Sveitarstjóra er einnig falið að undirrita samninginn að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögur að breytingum á samþykktum um fundarskóp sveitarfélagsins varðandi framsal valds vegna framangreindrar þjónustu til Ísafjarðarbæjar.

2. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201

Starfslýsing vegna sameiginlegs starfsmanns Tálknafjarðarhafnar og eignasjóðs.

Mál frá 607.fundi sveitarstjórnar sem fór fram 14.02.2023.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að fela sveitarstjóra að uppfæra framlagða starfslýsingu í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram til staðfestingar á næsta fundi sveitarstjórnar.

JÖH situr hjá.

3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076

Síðari umræða um tillögu að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Mál áður á dagskrá 606. fundar sveitartjórnar sem fór fram 24.01.2023 og 607.fundar sveitarstjórnar sem fór fram 14.02.2023.

Breytt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi er samþykkt með þremur atkvæðum.

JÖH og JJJ greiða atkvæði á móti.

4. Stóri Plokkdagurinn 2023 - 2301096

Umhverfis- og byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps leggur til að Tálknafjarðarhreppur taki þátt í Stóra plokkdeginum sem fer fram 30.04.2023 og að einstaklingar og fyrirtæki verði hvött til að taka til í sínu nærumhverfi.

Mál frá 7. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.02.2023.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að stóri plokkdagurinn verði á Tálknafirði í ár með svipuðum hætti og undanfarin ár. Sveitarstjóra er falið að halda utan um undirbúning í samræmi við umræður á fundinum.

GJ situr hjá.

5. Fræðslunefnd - 7 - 2302004F

Fundargerð 7. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.02.2023.

Fundargerðin er staðfest.

5.1 2301086 - Reglur Dreifibréf vegna undanþága til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa fyrir skólaárið 2023-2024

5.2 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023

6. Umhverfis- og byggingarnefnd - 7 - 2302003F

Fundargerð 7. fundar umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.02.2023.

Fundargerðin er staðfest.

6.1 2211528 - Ósk um tilnefningar í vatnasvæðanefndir - UST202209-125

6.2 2301096 - Stóri Plokkdagurinn verður 30. apríl 2023

- 6.3 2302023 - Erindi til sveitarstjórna vegna ágangs búffjár - minnisblað sambandsins
- 6.4 2302054 - Flóð Tunguá 13.02.2023
- 6.5 2301027 - Viðhald og sláttur opinna svæða 2023

7. Framboð í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2302049

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 10.02.2023 þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn sjóðsins í tengslum við aðalfund hans sem er ráðgert að halda 31.03.2023.

Lagt fram.

8. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Umræður urðu um upplýsingargjöfina.

9. Fundargerðir 2023 Velferðarráð - 2301047

Fundargerð 45. fundar velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 09.02.2023.

Lagt fram.

10. Fundargerðir 2023 Vestfjarðastofa - 2302080

Fundargerðir stjórnarfundar Vestfjarðastofu nr. 50 sem fór fram 18.01.2023 og nr. 51 sem fór fram 15.02.2023.

Lagt fram.

**Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)